

## Ársskýrsla nefndar um dómastörf

2020

Nefnd um dómastörf starfar samkvæmt II. og VIII. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla og reglum nr. 1165/2017 um aukastörf héraðsdómara, landsréttardómara og hæstaréttardómara og eignarhlut þeirra í félögum og atvinnufyrirtækjum og skráningu þeirra.

Nefndin hélt tíu formlega fundi á árinu, þar af voru tveir haldnir á Teams. Fjöl margar ákvarðanir voru einnig teknar með rafrænum samskiptum nefndarmanna utan funda.

Nefndin hefur eftirlit með lögbundinni hagsmunaskráningu íslenskra dómara. Nefndinni bárust á árinu 47 erindi frá dómurum, þar var um að ræða tilkynningar um aukastörf, beiðnir um heimild til að gegna aukastarfi, tilkynningar um eignarhluti og beiðnir um heimild vegna þeirra.

Nefndin tekur á móti og fjallar um kvartanir vegna starfa dómara sem ekki falla undir dómsathafnir. Nefndinni bárust sex kvartanir á árinu. Var þeim öllum vísað frá nefndinni, þar af einni með álit. Einu máli frá fyrra ári var lokið með álit um frávísun.

Nefndinni bárust tvær fyrirspurnir frá fréttamönnum á fyrri hluta árs. Á síðari hluta árs barst fyrirspurn frá lögmanni um birtingu álita og fleira, loks barst fyrirspurn frá LMFÍ varðandi aukastörf dómara.

Fram var haldið vinnu frá fyrra ári við greiningu á aukastörfum dómara, einkum að því er varðar stjórnarsýslunefndir og fastar kennslustöður dómara.

Nefndin sendi réttarfarsnefnd tillögu að breytingu á lögum nr. 50/2016 sem varða störf hennar og stöðu. Er stefnt að endurskoðun reglna nr. 116/2017 þegar þær breytingar hafa litið dagsins ljós. Í árslok hafði frumvarp ekki verið lagt fram.

Undir lok ársins urðu mannabreytingar í nefndinni, Ása Ólafsdóttir var skipuð hæstaréttardómari í nóvember og vék því úr nefndinni, Friðgeir Björnsson lauk skipunartíma sínum í desembermánuði. Nýir nefndarmenn höfðu ekki verið skipaðir í þeirra stað í árslok.

Reykjavík, 21. apríl 2020.

  
Hjördís Hákonardóttir formaður